

Guðný Sævinsdóttir Ráðgjafi hjá Hagvangi

Ungt fólk sem er að íhuga nám ætti að skoða vel þá möguleika sem felast í námi tengdu upplýsingatækni. Fyrir utan það að upplýsingatæknin snertir okkar daglega líf æ meir þá eru mjög margir starfsmöguleikar í boði eftir að slíku námi lýkur. Þessi störf felast í hugbúnaðargerð, forritun, prófunum, verkefnastjórnun, sölu, rekstri og þjónustu svo dæmi séu tekin.

Hæfileikarnir sem geta notið sín eru svo margvíslegir, t.d. sköpunargáfa, nákvæmni, skipulagshæfileikar, þjónustulund, samskiptahæfileikar, geta til að starfa í hóp, tölugleggni... Á þessum vettvangi ættu flestir að geta fundið sig vel, hvort sem um er að ræða konur eða karla. Við finnum fyrir mikilli þörf hjá okkar viðskiptavinum fyrir fólk með upplýsingatæknimenntun og sú þörf mun áfram koma til með að aukast því upplýsingatæknin er komin til að vera.


Ég myndi því óhikað mæla með því við alla sem stefna á háskólanám að skoða þá möguleika sem slík menntun gefur.

- ■ ■ Finnst þér gaman að leysa þrautir ?
- ■ ■ Finnst þér sveigjanlegur vinnutími kostur ?
- ■ ■ Finnst þér gaman að hafa samskipti við aðra ?
- ■ ■ Er hönnun eitthvað fyrir þig ?
- ■ ■ Finnst þér laun skipta máli ?
- ■ ■ Viltu taka þátt í að skapa betri heim?
- ■ ■ Finnst þér starfsmöguleikar eftir nám skipta máli?
- ■ ■ Ertu orðin leið/ur á tölvuleikjum fyrir stráka?
- ■ ■ Viltu að það sé gaman í vinnunni?
- ■ ■ Viltu vinna þar sem þú getur lært meira ?

EF SVARIÐ VIÐ EINHVERRI AF OFANTÖLDUM
SPURNINGUM ER JÁ, ÞÁ ER UPPLÝSINGATÆKNI
KANNSKI NÁM FYRIR ÞIG?

www.sky.is/ut-konur.html

NÖRD EÐA EKKI NÖRD?



HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR
UPPLÝSINGATÆKNI?



Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir
Tölvunarfræðingur

„Ef þú vilt vera viðbúin framtíðinni og vinna í umhverfi sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjölbreytni í starfi, há laun og skapandi vinnu-umhverfi þá velur þú upplýsingatækni. Ef ég hefði vitað í upphafi að vinna tölvunarfræðings væri eins skemmtileg og hún er, þá hefði ég valið upplýsingatækni fyrir á mínum námsferli án þess að hika.

Þegar ég sit við tölvuskjáinn og forrita heimasíður og önnur tölvukerfi finnst mér ég vera handleika nútíma þrjóna þar sem afurðin er flott tölvukerfi í stað trefils og húfu.

Tölvunar- og upplýsingafræði er ekki eingöngu strákafag heldur fag fyrir fólk sem vill láta gott og metnaðarfullt starf eftir sig liggja.“



Berglind Sveinsdóttir
Kerfisfræðingur

„Nám í upplýsingatækni opnar margar dyr og býður ekki eingöngu upp á forritun. Í fyrstu hélt ég að námið myndi ekki nýtast mér í starfi en annað kom á daginn! Að vera með menntun í kerfisfræði stuðlaði að því að ég fékk vinnuna mína í dag, þar sem ég kenni á tölvukerfi, aðstoða notendur og ber ábyrgð á rekstri tölvukerfa. Að vinna í upplýsingatæknigeiranum gæti ekki verið skemmtilegra!“

Styrktaraðilar:

Háskólinn í Reykjavík
Menntamálaráðuneyti
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Ský - Skýrslutæknifélag Íslands

Um Ský og UT-konur

UT-konur er faghópur innan Skýrslutæknifélags Íslands (Ský) sem er félag allra þeirra sem starfa við eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið stendur fyrir umfangsmiklu starfi, sem felst t.d. í ráðstefnu- og fundahaldi ásamt útgáfu tímaritsins Tölvumála.



Dóra Gunnarsdóttir
Tölvunarfræðingur

„Tölvunarfræðin spannar breitt svið og býður upp á alls konar tækifæri. Margir sjá tölvunarfræðing fyrir sér sem forritara, vinnandi allan sólarhringinn í umhverfi sem fæstir skilja. Raunin er sú að starf í upplýsingatækni felur í sér miklu meira en bara forritun.

Í starfi mínu við hugbúnaðargerð reynir ekki aðeins á tækniþekkingu heldur líka skilning á ólíkum verkefnum, skipulögð vinnubrögð, hönnun og samskipti. Starfið er mjög skapandi og gefandi að sjá góða hugmynd verða að góðu tölvukerfi.

Ég hvet alla sem hafa áhuga á skemmtilegu, hagnýtu og krefjandi námi sem leiðir til starfs í lífandi umhverfi að líta á tölvunarfræðina sem valkost.“